



F I S K I S T O F A

## Rekstrarleyfi til fiskeldis

Rekstrarleyfisnúmer: IS-36064

Með vísan til 7. gr. laga nr. 71/2008, um fiskeldi, heimilar Fiskistofa Tilraunaeldisstöð Hafrannsóknastofnunarinnar, kt. 440100-4140, að stunda strandeldi á hinum ýmsu tegundum sjávarlífvera í eldisstöð að Stað við Grindavík í samræmi við starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Heimilt er að framleiða allt að **20 tonn** til rannsókna árlega auk þess leyfi til að framleiða **1.000.000 stykki** seiða árlega.

Helstu ákvæði og skilyrði leyfisins, sem gildir í 10 ár, frá 1. október 2010 til **1. október 2020** eru sem hér segir:

1. Eingöngu er heimilt að ala þær tegundir innan þeirra framleiðslumarka sem tilgreindar eru í rekstrarleyfi.
2. Nota skal búnað sem fullnægir kröfum Fiskistofu, notkun á innfluttum notuðum búnaði við eldið er óheimill.
3. Sé um nýja starfsemi að ræða, er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en að fengnu rekstrarleyfi og að lokinni úttekt Fiskistofu.
4. Frárennsli og innrennsli skal útbúið með netsigti sem geri það fiskhelt en verði að öðru leyti í samræmi við kröfur viðkomandi heilbrigðisyfirvalda.
5. Á gildistíma leyfisins skal framkvæmt eftirfarandi:
  - Fært verði í dagbók helstu atriði í rekstri og starfsemi eldisstöðvar, svo sem fiskdauði, fóðurmagn, heilsufar fisks, ástand eldisbúnaðar og önnur atriði.
  - Rekstrarleyfishafi skal árlega gefa Fiskistofu skýrslu um starfsemi sína sbr. 14. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.
6. Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Rekstrarleyfishafi, sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu.
7. Eldið er háð eftirliti Fiskistofu og eldisaðila er skylt að veita eftirlitsmönnum aðgang að dagbók stöðvarinnar og aðstoða þá eftir föngum. Sé þess krafist skal greiða árlegt eftirlitsgjald til Fiskistofu samkvæmt gjaldskrá sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur.
8. Eldið er einnig háð heilbrigðiseftirliti Matvælastofnunar og ákvörðunum hennar varðandi sóttvarnir.
9. Hafi eldi ekki verið hafið innan 24 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis má fella það úr gildi.
10. Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, framsal, leiga eða veðsetning rekstrarleyfis er óheimil.
11. Rekstrarleyfið er einnig háð skilyrðum reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem settar kunna að verða á grundvelli ofangreindra laga.
12. Brot á skilyrðum leyfis eða ákvæðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra geta varðað afturköllun rekstrarleyfis.

F. h. Fiskistofu

Áslaug Eir Hólmeirsdóttir